

Heima

Heimstaden

Allt sem þú
þarft að vita
um nýja
heimilið þitt

ALLT UM NÝJA HEIMILIÐ ÞITT

FLOKKUN
ÚRGANGS

BETRI LOFTUN
Á HEIMILI ÞÍNU

VIÐ BÚUM TIL PLÁSS FYRIR FRAMTÍÐINA

Einstakt
samstarf
Heimstaden og
SOS barnaþorpa

Velkominn heim!

Kæri viðskiptavinur,

Velkominn til Heimstaden, þar sem okkar markmið er að skapa örugg, sjálfbær og vinalæg heimili sem auðga og einfalda þitt daglega líf.

Það er von okkar að upplýsingarnar í þessu blaði hjálpi þér að koma þér fyrir á nýja heimilinu þínu.

Við hvetjum alla viðskiptavini til að nota **MyHome** þjónustusíður í samskiptum við okkur. Þannig tryggjum við að ykkar beiðnir skili sér hratt og örugglega á réttan stað sem við getum brugðist við þeim eins fljótt og auðið er. Einnig bjóðum við upp á **HEIMþjónustu**, en í því felst að leigutakar okkar eiga þess kost að fá aðstoð við ýmis smáverk í allt að tvær klukkustundir einhvern tímann á fyrstu tveimur mánuðum frá afhendingu íbúðar.

Allir viðskiptavinir eru sjálfkrafa meðlimir í **HEIMklúbbnum** en í gegnum hann bjóðum við upp á fjölbreytt tilboð sem geta komið sér vel fyrir heimilið eins og sjá má á bls 9.

Í þessu blaði er að einnig að finna mikilvægar upplýsingar um umgengni í íbúðum. Loftun á íbúðum er mjög mikilvæg til að forðast uppsöfnun á raka sem getur leitt til myglu, og heilsufarsvandamála, sjá betur á bls 19. Einnig er mikilvægt að kynna sér vel umgengnisreglur um ruslageymslur á bls 12. Sjálfbærni og umhverfismál skipta okkur öll miklu máli og er því mikilvægt að við hjálpumst öll að við að ganga vel um húsin, bæði fyrir umhverfið og okkur.

Enn og aftur – velkomin(n) **HEIM**

Gauti Reynisson
Framkvæmdastjóri Heimstaden ehf



Efnisyfirlit

- 04 **Við sköpum pláss fyrir framtíðina**
Sjálfbærni er eina leiðin fram á við
- 07 **Allt um nýja heimilið þitt**
- 08 **Heimþjónusta einfaldar lífið**
- 09 **MyHome og Heimklúbburinn**
- 10 **Örugg og vinaleg heimili**
- 11 **Saman deilum við ábyrgð á íbúðinni**
- 12 **Flokkun úrgangs**
- 14 **Svör við algengum spurningum**
- 16 **Hafðu samband við okkur**
- 18 **Tékklisti fyrir áhyggjulausa flutninga**
- 19 **Betri loftun á heimili þínu**



Heima er gefið út af Heimstaden

Ábyrgðaraðili: Gauti Reynisson
Útlit, umbrot og texti: Heimstaden
Mynd: Heimstaden nema annað sé tekið fram
Prentun: Svansprent ehf.

Við áskiljum okkur rétt til að gera prentvillur.

Sjálfbærni hefur margar víddir og krefst samfélagslegrar ábyrgðar, umhverfisverndar, öruggs vinnustaðar og sjálfbærrar virðiskeðju. Að hugsa og starfa sjálfbært er mikilvægur hluti af viðskiptum okkar.

Einstakt samstarf

Heimstaden og SOS barnaþorpa

Sjálfbærni hefur margar víddir og krefst samfélagslegrar ábyrgðar, umhverfisverndar, öruggs vinnustaðar og sjálfbærrar virðiskeðju. Að hugsa og starfa sjálfbært er mikilvægur hluti af viðskiptum okkar.

Einstakt samstarf Heimstaden og SOS barnaþorpa

Hjá Heimstaden er sýn okkar að einfalda líf með vinalegum heimilum. Það sem drífur okkur áfram er að gefa leigutökum okkar bestu mögulegu upplifunina og að vera ávallt til staðar, en einnig að gefa af okkur til samfélagsins.

„Við berum öll ábyrgð“

Heimstaden og SOS barnaþorp hófu einstakt samstarf, með fólk að leiðarljósi.

Við köllum samstarfið „A Home for a Home“, sem tryggir öryggi barna og bjartari framtíð þeirra.

Samstarfið hófst í júlí 2021 og felst í því, ásamt öðru að fyrir hvert heimili sem Heimstaden á, gefum við 100 evrur til SOS barnaþorpa árlega.

Að sinna viðskiptavinum okkar verður ávallt aðal markmið okkar, en sem gildisdrifið fyrirtæki, viljum við einnig leggja meira af mörkum heldur en að þjónusta eignir okkar á þeim svæðum sem við störfum.

„Við höfum öll þá ábyrgð að bæta heimin sem við búum í og skapa jöfn tækifæri fyrir alla, upphafspunkturinn að því er að

gefa börnum sem bestan grundvöll til að vaxa og þroskast. Sem leiðandi fasteignafélag vinnum við daglega að því að bjóða viðskiptavinum okkar vinaleg og sjálfbær heimili en með A Home for a Home, getum við einnig gert þetta fyrir börn og fjölskyldur um allan heim, segir Patrik Hall fyrrverandi forstjóri Heimstaden AB.

10 milljónir evra árlega

Anette Konar Rippe er verkefnastjóri A Home for a Home. Hún segir að yfir 200 börn búi við óstöðugt ástand ásamt hættu á því að alast upp án foreldra eða fjölskyldu. „Saman með SOS barnaþorpum getum við breytt lífi þessara barna“ segir Anette.


Sem leigutaki getur þú verið stoltur af því að veita börnum um allan heim öruggt heimili og góðan uppvöxt. Þú sem leigutaki gerir okkur þetta kleift og stuðlar að því góða sem kemur úr þessu samstarfi.

„Það er frábært að vita til þess að því fleiri viðskiptavinum sem við höfum, því fleiri börnum og fjölskyldum getum við hjálpað“ segir Patrik Hall.

Því meira sem fyrirtækið vex, því meira fjármagn er hægt að veita í samstarfið.

Að setja ný viðmið

Ásamt SOS barnaþorpum vill Heimstaden setja ný viðmið um það hvernig góðgerðarfélög og fyrirtæki geta starfað saman, ekki



aðeins með fjármagninu sem er gefið, heldur einnig með skuldbindingu starfsmanna, viðskiptavina og samstarfsaðila.

„A Home for a Home er miklu meira en bara gjafir, það er langtíma samstarf milli tveggja samtaka, og við vonum að þetta samstarf okkar verði hvatning fyrir önnur fyrirtæki að hefja svipað samstarf“, segir Patrik Hall.


Það er metnaðarfullt að ætla sér að setja ný viðmið í þessum efnum, en Heimstaden er metnaðarfullt fyrirtæki. Þessi leið til að þróa samstarfið, ásamt SOS barnaþorpum er alveg einstök.

Á innan við ári hefur A Home for a Home náð til 50.000 barna í gegnum um 40 mismunandi verkefni í 25 löndum. Það er lögð áhersla á það að skapa skuldbindingu til að gera samfélagið betra.

Sem dæmi má nefna Svíþjóð og Holland. Þar er lögð áhersla á að bæta aðstæður barna á fósturheimilum, og að ná til stjórn-málamanna svo þessi hópur barna sé hafður

Heimstaden gefur 100 evrur til SOS barnaþorpa fyrir hvert heimili sem eigum, það jafngildir meira en 10 milljón evra árlega.

MYND: GERHARD BERGER



í huga þegar nýjar reglugerðir eru smíðaðar, til að tryggja þeim betri aðstæður í framtíðinni.

Við styrkjum einnig SOS barnaþorpin með sérþekkingu á mismunandi stöðum til að gera starfið ennþá árangursríkara og til að geta jafnvel aðstoðað enn fleiri börn og fjölskyldur.

Breyta lífi fólks

Þau hjá SOS barnaþorpum eru mjög ánægð með að geta aðstoðað fleiri fjölskyldur, ungt fólk og börn í viðkvæmum aðstæðum í gegnum A Home for a Home.

„A Home for a Home hjálpar okkur að styrkja rétt barna og gera okkur kleift að sinna fjölbreyttari verkefnum, það gefur okkur einnig tækifæri til að prófa nýjar nálganir. Með Heimstaden getum við haft mikil áhrif á líf margra“ segir Anna Ernestam, ritari SOS barnaþorpa í Svíþjóð.



Ærslabelgur settur upp á Ásbrú í samstarfi við SOS barnaþorpa

Í **SEPTEMBER 2022** hélt Heimstaden vel heppnaða hátíð á Ásbrú þar sem nýr ærslabelgur var vígður. Fjöldi fólks mætti og boðið var upp á glaðning fyrir börnin, hamborgara og skemmtun frá Íþróttarálfnum.

Ærslabelgurinn er nýjasti áfanginn í samstarfsverkefni Heimstaden og SOS barnaþorpa, ætlunin er bæði að gleðja börn svæðisins og stuðla að aukinni hreyfingu þeirra.

Samstarfsverkefni Heimstaden og SOS barnaþorpa hófst árið 2021 og ber nafnið „A Home for a Home“. Auk verkefna sem stuðla að bættu nærsamfélagi, eins og ærslabelgurinn, hljóta fjöldi alþjóðlegra verkefna styrk.



Allt um nýja heimilið þitt

bls. 8 **Heimþjónusta einfaldar lífið**

bls. 9 **MyHome og Heimklúbburinn**

bls.10 **Örugg og vinaleg heimili**

bls.11 **Saman berum við ábyrgð á íbúðinni**

bls.12 **Flokkun úrgangs**

bls.14 Svör við **algengum spurningum**

bls.16 Hafðu **samband við okkur**

bls.18 Tékklisti fyrir **áhyggjulausa flutninga**

bls.19 **Betri loftun** á heimili þínu



Heimþjónusta einfaldar þér lífið



VIÐ VITUM AÐ FLUTNINGUM fylgja mörg verkefni. Þess vegna viljum við endilega hjálpa þér að koma þér fyrir á nýja heimilinu svo að þú hafir tíma í önnur mikilvæg verkefni.

Ef þú hefur nýlega flutt inn, bjóðum við þér að panta heimþjónustu, þar sem starfsmaður frá fasteignaumsjón aðstoðar þig í að hámarki tvær klukkustundir einhvern tímann á fyrstu tveimur mánuðum frá afhendingu íbúðarinnar.

Þú getur meðal annars fengið aðstoð við að hengja upp snaga, málverk, gluggatjöld, og fleira. Sem og fengið aðstoð við að tengja þvottavél og þurrkara, leiðbeiningar um hvernig þrifa skal eldhúsviftuna og skipta um síu ef við á, sem og að þrifa niðurföll.

Hægt er að hafa samband við okkur í síma **517-3440** til að fá frekari upplýsingar um Heimþjónustu eða á heimasíðu okkar, www.heimstaden.is.





MyHome þjónustusíður

Myhome er viðskiptavinagátt Heimstaden. Meginmarkmið okkar með MyHome er að bjóða upp á betri notendaupplifun fyrir þig sem viðskiptavin og einfalda lífið með því að gera það enn auðveldara að eiga samskipti við okkur.

Í MyHome getur þú uppfært upplýsingar í prófílum þínum, sent inn þjónustubeiðnir og viðhaldsbeiðnir, séð leigusamninginn þinn, fylgst með greiðslum og fleira.

Á heimasíðu okkar er að finna leiðbeiningar er varðar nýskráningu á MyHome.



Tilboð sem auðga daglegt líf

Til þess að þakka ykkur fyrir að hafa valið Heimstaden sem leigusala, viljum við gera vel við ykkur, viðskiptavini okkar. Heimklúbburinn er fríðinda-klúbbur sem býður upp á ýmsa afslætti og tilboð sem auðga og einfalda daglegt líf.

Ýmis tilboð eru í boði hverju sinni og uppfærast þau reglulega. Til þess að geta nýtt þér tilboðin, þarftu að vera leigutaki hjá Heimstaden með aðgang að MyHome.

*Á heimasíðu
okkar sérðu hvaða
tilboð eru virk
hverju sinni*





Saman búum við til örugg og vinalæg heimili

Þegar margir einstaklingar búa í sama húsi er mikilvægt að taka tillit til hvors annars. Þú getur tekið þátt í því að skapa vinalegt umhverfi fyrir þig og aðra íbúa hússins með því að huga að eftirfarandi atriðum:

Öryggi

- Aðeins að hleypa fólki inn í sameign ef þú veist að þau eiga erindi í húsið.
- Ávallt að loka hurðinni að aðalinngangi eftir þér.
- Ekki geyma einkaeigur í stigahúsi eða á göngum.

Hávaði

- Aðlaga daglegar athafnir svo að þær trúfli ekki nágranna á daginn.
- Sýna tillitssemi milli 23 á kvöldin og 7 á morgnanna.
- Huga að hljóðstyrk á sjónvarpi og útvarpi.
- Ef þú hefur hug á að halda veislu, að láta nágranna þína vita.
- Setja tappa undir húsgögn og stóla.

Góð samskipti nágranna

- Reykingar eru ekki leyfðar á sameiginlegum svæðum, fyrir framan aðalinngang eða á leiksvæðum.
- Hafðu auga með börnunum þínum og fræddu þau um að bera virðingu fyrir nágrönnum og húsinu.
- Virða þvottatíma í sameiginlegum þvottarýmum og að þrifa þvottarýmið eftir notkun.
- Ekki hrista mottur eða sængur út af svölunum.
- Þar sem gæludýr eru leyfð skal ávallt hafa auga með dýrunum, hafa skal þau í ól á sameiginlegum og opnum svæðum.
- Ekki aka vélknúnum ökutækjum á gangstéttum eða á grænum svæðum.
- Bífreiðum skal leggja í merkt bílastæði eða í bílakjallara ef við á.
- Einungis að nota gasgrill eða rafmagnsgrill, ekki kolagrill á svölum.
- Hlusta og bera virðingu fyrir nágrönnum þínum.





**Sem leigjandi,
þá er það á þinni ábyrgð
að reglulega:**

- Þrifa eða skipta út síu í eldhúsviftu
- Hreinsa niðurföll
- Affrysta frystiskápinn
- Gæta þess að það séu batterí í reykskynjurum
- Halda umhverfi þínu hreinu og snyrtilegu

Við deilum ábyrgð á íbúðinni

VIÐ VONUM að þú verðir ánægð/ur með nýja heimilið þitt. Saman deilum við ábyrgð á íbúðinni sem leigutaki og leigusali.

Við sjáum um allt almennt viðhald á íbúðinni svo að þú hafir meiri tíma í aðra hluti sem eru þér mikilvægir. Til dæmis þarft þú ekki að hugsa um að laga bilaða ofna, að slá grasið eða lagfæra leka.

Ef þú vilt breyta einhverju á nýja heimilinu þínu, til dæmis að mála vegg í öðrum litum eða hengja upp málverk eða setja skraut á veggina, er það sjálfsagt mál. Ef þú ætlar að fara í aðrar og stærri breytingar þarftu ávallt að hafa samband við okkur fyrst og fá samþykki. Gott er að hafa í huga að við lok leigusambands þarf að skila íbúðinni í því ástandi sem hún var í þegar þú tókst við henni.





Ef ekki er hægt að endurnýta úrganginn, þarf að endurvinna hann. Fáðu alla í fjölskyldunni til að taka þátt í flokkuninni og skoðaðu heilráðin okkar.

Flokkun úrgangs

SAMAN BÚUM VIÐ til pláss fyrir sjálfbærni, endurvinnslu og hreinna umhverfi. Það besta sem við getum gert fyrir umhverfið er að minnka umfang úrgangs. Einnig er mikilvægt að endurvinna það sem hægt er að endurvinna. Á þennan hátt verndum við

umhverfið og hugum að auðlindum jarðarinnar. Endilega kynntu þér leiðarvísinn okkar um hvernig flokka skal úrgang á réttan hátt. Sniðugt ráð er að klippa þetta út og hengja á ísskápinn! Einnig er gott að hafa í huga að setja aldrei úrgang á gólfíð í ruslageymslunni.

Nokkur heilráð fyrir endurvinnslu

- Opnaðu bæði lokið og botninn af niðursuðudósum og flettu það út. Þetta sparar heilmikið pláss!
- Notaðu eina pappambúð til að halda utan um hinar. Vissir þú að þú getur sett fimm samanbrotnar mjólkurfurnur í eina tóma?
- Staflaðu umbúðum sem hægt er að stafla. E ggjabakkar, salatskálur, skyrdollur og fleira slíkt er öllu hægt að stafla og spara þannig heilmikið pláss í endurvinnslutunnunni.
- Settu snæri ofan í blaðakörfuna, og þegar það er kominn tími til að taka þau út í endurvinnslutunnu getur þú einfaldlega bundið hnút á staflann og borið út.
- Settu eldhúspappir neðst í lífrænu tunnuna til að koma í veg fyrir vökvasöfnun neðst í pokanum.
- Gott er að setja lífrænu körfuna í vaskinn á meðan þú ert að skera grænmeti svo það sé auðvelt að henda afskurðinum, skrældu kartöflur, gulrætur og slíkt beint ofan í lífrænu tunnuna til að minnka frágang.
- Merktu hverja endurvinnslutunnu vel og vandlega þannig að gestir viti hvar þau eiga að ganga frá umbúðum og sorpi.
- Fellur til falleg krukka við eldamenskuna, kannski þessi utan af pastasósunni? Notaðu krukkuna í að safna ónýtum rafhlöðum!

4 Fjórir flokkar á hverju heimili

Á hverju heimili verður fjórum úrgangsflokkum safnað:

- Matarleifar
- Pappír og pappi
- Plastumbúðir
- Blandaður úrgangur





MÁLUMBÚÐIR
METAL PACKAGING






GLER
GLASS

Málmumbúðir (niðursuðudósir o.fl.) og **glerumbúðir** (glerkrukkur o.fl.) þarf að fara með á næstu **grendarstöð**.






MATARLEIFAR
FOOD WASTE

Í tunnu fyrir matarleifar fer meðal annars:


- eggjaskurn
- matarleifar með beini
- kaffikorgur
- fiskiúrgangur



PLASTUMBÚÐIR
PLASTIC PACKAGING

Í tunnu fyrir plastumbúðir fer meðal annars:


- snakkpokar
- plastfilma
- plastpokar
- sjampóbrúsar



PAPPÍR
PAPER

Í tunnu fyrir pappír og pappa fer meðal annars:

- dagblöð
- pappírumbúðir
- bréfpokar
- pítsakassar



BLANDAÐUR ÚRGANGUR
RESIDUAL WASTE

Í tunnu fyrir blandaðan úrgang fer meðal annars:

- dömubindi
- blautklútar
- bleyjur
- ryksugupokar

Svör við algengum spurningum

Má hengja upp myndir á veggina? Get ég málað íbúðina í öðrum litum? Get ég notað kolagrill á svölunum hjá mér? Hér eru svör við algengum spurningum. Ef þú hefur spurningar, ertu ávallt velkomin að hafa samband við okkur í gegnum þjónustuborðið okkar.

Má ég nota gasgrill á svölunum hjá mér?

Já, það er heimilt að nota gasgrill eða rafmagnsgrill. Ekki skal nota kolagrill á svölum.



Má ég mála íbúðina í öðrum litum?

Þú mátt mála íbúðina í öðrum litum, enda viljum við endilega að þú gerir heimilið að þínu. Hafðu í huga að við skil á íbúðinni, þarftu að skila íbúðinni í því ástandi sem hún var í þegar þú tókst við henni.



Má ég hengja myndir upp á vegg?


Þú mátt hengja myndir upp á vegg, svo lengi sem þú notar réttan búnað við að hengja upp myndirnar.



Kraninn hjá mér lekur, hvað get ég gert?

Ekki hika við að hafa samband við okkur ef þetta kemur upp. Á MyHome þjónustuíðum getur þú stofnað þjónustubeiðni.





Finnið fleiri svör á þjónustuborði okkar sem er að finna á www.heimstaden.is. Þar er einnig hægt að senda inn spurningar.

Hafðu samband við okkur á þann hátt sem hentar þér best!

Lestu meira á heimasíðunni okkar

Á www.heimstaden.is getur þú fundið bæði fjölbreyttar og fræðandi upplýsingar. Þar getur þú lesið um Heimstaden, séð starfsfólkið okkar og fundið fjölda góðra ráða og áhugaverðra greina. Á heimasíðu okkar sérðu einnig upplýsingar um staðsetningu skrifstofu okkar og opnunartíma.

Þú getur fundið allar upplýsingar um heimilið þitt á MyHome þjónustusiðum

MyHome þjónustusiður bjóða upp á allt sem þú þarft sem leigutaki. Þar getur þú auðveldlega sent inn þjónustubeiðni eða viðhaldsbeiðni og fylgst með stöðu þeirra. Fylgst með leigugreiðslum þínum og fengið allar nýjustu upplýsingar um heimili þitt.

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum



Þú getur fylgt okkur á **samfélagsmiðlum** til að fá upplýsingar og innblástur. Við bjóðum upp á ýmsan fróðleik og upplýsingar um það sem er á döfinni hjá Heimstaden. Fylgdu okkur á **Facebook og Instagram**.



Skrifstofurnar okkar

Okkur finnst mikilvægt að vera með skrifstofu til þess að taka á móti viðskiptavinum okkar. Þú getur heimsótt skrifstofuna okkar í Hlíðarsmára 15, 201 Kópavogi eða á Flugvallarbraut 937, Ásbrú á auglýstum opnunartímum.

Þjónustuver alltaf til staðar



Þjónustuver okkar er alltaf reiðubúið að svara beiðnum þínum og spurningum. Þú getur haft samband við okkur símleiðis í síma **517-3440** eða sent okkur tölvupóst á **heimstaden@heimstaden.is**. Við erum með þjónustuborð þar sem svör er að finna við öllum helstu spurningum sem okkur berast, þú getur einnig sent inn spurningu og við svörum um hæl.

Neyðarsími okkar er opinn allan sólarhringinn alla daga ársins, ef leki eða annað neyðartilfelli kemur upp utan opnunartíma er neyðarnúmer okkar **571-6655**.



Tékklisti fyrir áhyggjulausa flutninga

■ Tilkynntu flutning á lögheimili sem fyrst

Tilkynntu flutning á nýja heimilisfangið hjá Þjóðskrá Íslands, á www.skra.is. Einnig er gott að passa upp á að aðsetur sé rétt skráð hjá póstinum, svo að pósturinn þinn skili sér til þín.

■ Merktu kassana þína

Með því að merkja kassana er hægt að spara mikinn tíma þegar verið er að koma sér fyrir. Gott er að merkja kassana og setja svo upp skilti í íbúðinni hvar kassarnir eiga að fara, þá vita þau sem bera kassana inn hvar skal koma þeim fyrir. Þú gætir líka átt hluti á núverandi heimili sem þú þarft ekki lengur, nú er fullkominn tími til að flokka eða gefa gömlum hlutum nýtt líf á öðru heimili.

■ Rafmagn og net

Við hjá Heimstaden sjáum um að tilkynna flutning á rafmagni á nýju íbúðinni yfir á þig. En þú þarft hinsvegar að veljara forkusala, hægt er að bera saman rafkusala á www.aurbjorg.is. Einnig þarftu að tilkynna flutning til netþjónustuaðilans þíns.

■ Íhugaðu að tryggja innbúið

Heimstaden er með húseigendatryggingu á öllum íbúðum sínum, en hún tryggir hinsvegar ekki innbúið þitt. Innbústrygging verndar þig ef hlutirnir þínir skemmast, þetta á við um sjónvarpið, skenkinn og þá hluti sem eru lausir í íbúðinni. Hún felur einnig í sér ábyrgðartryggingu ef þú verður að greiða skaðabætur veg na þess að þú veldur óvart einhverjum meiðslum eða skemmdum.

■ Bókaðu Heimþjónustu!

Þú getur fengið tveggja tíma aðstoð frá starfsmanni fasteignaumsjónar á einhverjum tímamarki fyrstu tvo mánuði frá innflutning. Starfsmaður okkar getur aðstoðað þig við að hengja upp myndir, króka, gárdínustangir, ljós eða sjónvörp.

Bókaðu Heimþjónustu í síma 517-3440 eða sendu tölvupóst á heimstaden@heimstaden.is.

Betri loftun á heimili þínu

Betra loft þýðir bætt heilsa
og betra andrúmsloft.

ÞAÐ ER MIKILVÆGT að hafa loftskipti í íbúðinni þinni reglulega til að tryggja betri loftgæði innandyrna. Það eru margar góðar ástæður fyrir því að opna gluggana heima hjá sér reglulega. Ferskt loft er gott fyrir þig og heilsuna. Við verjum stórum hluta dagsins innan veggja heimilisins og öndum því að okkur innloftinu þar.

Pungt loft getur valdið þreytu, höfuðv erki og jafnvel lélegum nætursvefni. Að auki getur mikill loftraki leitt til sveppamyndunar. Þess vegna ættirðu að lofta út á hverjum degi.

Hér eru fimm ráð sem bæta loftgæðin á heimilinu:

Loftaðu almennilega út

Góð loftskipti einu sinni á dag auka loftgæði heima hjá þér. Til þess að loftið í íbúðinni sé ferskt og gott verður að trekkja á milli á meðan þú loftar. Þá loftarðu almennilega! Opnaðu glugga í hvorum enda heimilisins. Jafnvel þó að það geti orðið kalt á veturna, tryggir þetta að ferskt loft berist inn í stað gamla, þunga loftsins. Þú þarft ekki að lofta lengi á þennan hátt, þú finnur mun eftir örfáar mínútur með gegnumtrekk.

Loftið sérstaklega þegar eldað er

Það getur komið bræla þegar eldamennskan stendur sem hæst, þá er mikilvægt að lofta vel annað hvort á meðan eða strax á eftir eldamennskuna. Gakktu einnig úr skugga um að þú hafir eldhúsviftuna í hæstu stillingu – hún hjálpar verulega.

Lokaðu inn á baðherbergi

Inni á baðherberginu er meiri raki í lofti en í öðrum hluta íbúðarinnar. Raki kemur frá sturtu, þvotti og öðru sem getur dreifst um íbúðina. Þess vegna skaltu gæta þess að loka dyrunum og halda baðherberginu vel loftræstu, annaðhvort með glugga eða viftu.

Dragðu frá

Þegar þú vaknar á morgnana er gott að byrja á því að draga frá og lofta eftir nóttina. Það bæði hjálpar þér að vakna og tryggir að raki safnist ekki fyrir í glugganum, sem getur svo valdið mygluvexti.

Haltu heimilinu snyrtilegu

Almennt hreinlæti hjálpar einnig við loftgæðin. Andrúmsloftið stórbatnar við það að ryksuga og þurrka af reglulega.



Alltaf nálægt þér

Heimstaden á eignir í yfir 30 borgum í Svíþjóð, sem og Íslandi, Noregi, Danmörku, Hollandi, Finnlandi, Þýskalandi, Tékklandi, Póllandi og Bretlandi. Á rétt rúnum tíu árum höfum við vaxið úr tiltölulega litlum leigusala á sænska húsnæðismarkaðinum í einn af þeim stærstu í Norður-Evrópu. Við viljum ávallt vera nálægt leigutökum okkar, þess vegna erum við með tvær skrifstofur, í Kópavogi og á Ásbrú. Eignir eru allt frá nýjum byggingum til bygginga sem byggðar voru á 19. öld og við getum uppfyllt flestar þarfir – frá íbúðum á jarðhæð sem eru nánast eins og hús, til smærri, skipulagðra íbúða. Hvar sem þú býrð á Íslandi ert þú í aðalhlutverki hjá okkur og við munum gera okkar besta til að skapa vinalegt og öruggt heimili fyrir þig. Velkomin til Heimstaden!




Ísland



Noregur



Finnland



Svíþjóð



Pólland



Tékkland



Danmörk



Bretland



Holland



Þýskaland



Heimstaden

Þjónustusími á Íslandi: 517-3440

www.heimstaden.is